

## Ársskýrsla nefndar um dómarastörf

2022

Nefnd um dómarastörf starfar samkvæmt II. og VIII. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla og reglum nr. 1165/2017 um aukastörf héraðsdómara, landsréttardómara og hæstaréttardómara og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum og skráningu þeirra.

Nefndin hélt sjö formlega fundi á árinu. Fjölmargar ákvarðanir voru að auki teknar með rafrænum samskiptum nefndarmanna utan funda.

Nefndin hefur eftirlit með lögbundinni hagsmunaskráningu íslenskra dómara. Nefndin tók fyrir 47 erindi frá dómurum. Um var að ræða tilkynningar um aukastörf, tilkynningar um að látið hefði verið af aukastarfi, beiðnir um heimild til að gegna aukastarfi, tilkynningar um eignarhluti og beiðnir um heimild vegna eignarhluta.

Nefndin tekur á móti og fjallar um kvartanir vegna starfa dómara sem ekki falla undir dómsúrlausnir. Nefndinni bárust fimm kvartanir á árinu. Fékk ein þeirra málsmeðferð og var afgreidd með álit. Í einu tilviki voru veittar leiðbeiningar en þremur málum var lokið án málsmeðferðar og þeim öllum vísað frá þar sem kvartanir féllu ekki undir valdsvið nefndarinnar.

Fram var haldið vinnu við greiningu á eignarhlut dómara í félögum og atvinnufyrirtækjum.

Endurskoðun reglna nr. 1165/2017 frestast enn þar sem ekki hafa komið fram tillögur frá dómsmálaráðuneytinu um fyrirhugaðar breytingar á dómstólalögum nr. 50/2016. Sú vinna mun hefjast á ný þegar ljóst er hvort og þá hvaða breytingar verða gerðar á lögum nr. 50/2016.

Þann 15. maí 2022 var Ragnheiður Thorlacius, fyrrverandi héraðsdómari, skipuð sem formaður nefndarinnar og tók hún sæti Hjördísar Hákonardóttur en skipunartíma hennar lauk 14. maí 2023. Aðrir nefndarmenn eru Helgi I. Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari og Sindri M. Stephensen, dósent við Háskólann í Reykjavík.

Reykjavík 20. mars 2023.



Ragnheiður Thorlacius formaður.